

FERILSKRÁ

Persónuupplýsingar:

Jón Guðni Kristjánsson
Fæddur: 29.06.44
Mánatúni 5
105 Reykjavík
Netfang: jgk@simnet.is



Ég hef frá miðju ári 2014 verið árlega tilnefndur í stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins og sækist nú eftir áframhaldandi setu í stjórn til þriggja ára sem aðalmaður.

Ég hef mikla og langa reynslu af lífeyrismálum eins og sjá má á stuttri ferilskrá sem greint er frá hér á eftir. Frá árinu 1982 til 2014 veitti ég rekstri Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar forstöðu og Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga frá 1998 til 2014. Á þessum tíma fór ég í hæfismat hjá Fjármálaeftirlitinu og lauk prófi í verðbréfavíðskiptum. Þá öðlaðist ég mikla þekkingu á vinnumarkaðinum og réttindamálum launþega úr hinum ýmsu starfsgreinum í starfi mínu sem starfsmannastjóri Reykjavíkurborgar.

Ég tel mikilvægt að í stjórn lífeyrissjóðs sitji fólk með ólíka menntun, reynslu og bakgrunn. Ekki er síður mikilvægt, að mínu mati, að stjórn skipi fólk á ólíku aldurs skeiði sem geti samsamað sig sjóðfélögum sem eru á öllum aldri, allt frá ungu fólki sem er að hefja starfsævina og til þeirra sem hættir eru störfum og farnir að njóta lífeyris. Ég tilheyri síðarnefnda hópnum og lít því á mig sem sérstakan fulltrúa eldri kynslóðarinnar.

Starfsferill:

2014-2019	Stjórnarmaður í Frjálsa lífeyrissjóðnum
1998-2014	Framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga, LSS
1982-1998	Starfsmannastjóri Reykjavíkurborgar
1974-1982	Skrifstofustjóri Borgarverkfræðings
1971-1974	Deildarstjóri hjá Sjóvá hf. – frjálsar ábyrgðatryggingar
1971-1971	Aðalfulltrúi Tollstjórans í Reykjavík.

Námsferill og próf:

2010	Hæfismat hjá FME
2001	Próf í verðbréfavíðskiptum
1973	Héraðsdómslögmannsréttindi
1971	Embættispróf í lögfræði frá lagadeild HÍ
1964	Stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri.